

*Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslu-
mannsins í Árnassýslu, um endurgreiðsluskyldu framfærslusveitar
barnsföður til dvalarsveitar barnsmóður á ógreiddu barnsmeð-
lagi, og um sveitfestisvinslu barnsföðurins.*

80
18. maí

Borgarstjóri Reykjavíkur hefir skotið til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 2. f. m., sem ákveður, að Eyrarbakkahreppur skuli sýkn af kröfu Reykjavíkurbæjar um endurgreiðslu 130 kr., sem eru eftirstöðvar af barnsmeðlagi Jóns Ársæls Jónssonar fyrir tímabilið $\frac{6}{12}$ 1924 — $\frac{6}{12}$ 1925, greiddu barnsmóður Jóns af bænum sem dvalarsveit hennar.

Það er viðurkennt í málinu, að 22. des. 1923 fjekk barnsmóðir Jóns Ársæls úrskurðað meðlag hans sjer greitt af dvalarsveit sinni Reykjavíkurbæ, enda lögmælt skilyrði þess fyrir hendi samkvæmt 26. gr. l. 46/1921 sbr. 9. gr. fátækralaganna. Meðlagið þannig greitt er sveitarstyrkur til handa barnsföður og þar sem lögfylgjur alls sveitarstyrks eru hinar sömu, hefir sveitfestisvinsla Jóns Ársæls í Reykjavíkurbæ rofnað við styrkveiting þessa og skiftir það ekki máli, þótt hann sjálfur endurgreiddi fúlguna síðar. Jón Ársæll hefir því ekki unnið sjer sveit í Reykjavík og er því Eyrarbakkahreppur rjettilega krafinn um áðurgreindar 130 kr.

Því úrskurðast: Eyrarbakkahreppur endurgreiði Reykjavíkurbæ kr. 130, sem um ræðir í þessu máli.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hreppsnefnd nefnds hrepps og annist þjer um, að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.